

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/608
komudagur 19.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2008

Efni: Menntamálanefnd – Staða mála um uppbyggingu á stafrænu dreifikerfi Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt fjarskiptaáætlun ríkisins fyrir tímabilið 2005-2010 er áætlað að hætta hliðrænum sjónvarpsútsendingum fyrir árslok 2010. Reynt hefur verið að samræma slíkar aðgerðir innan Evrópu og er stefnt að því að hliðrænum sjónvarpsútsendingum verði hætt í aðildarlöndum ESB fyrir lok árs 2012.

Á ríkisstjórnarfundum í maí síðastliðnum var samþykkt skipun nefndar sem ætlað er að koma fram með tillögum um hvernig hægt verði að ná markmiðum fjarskiptaáætlunar, m.a. með tilliti til dreifingar Ríkisútvarpsins. Nefndin var skipuð af menntamálaráðherra 3. júlí síðastliðinn með fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og Ríkisútvarpinu. Fulltrúi menntamálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf í byrjun september og stefndi að því að skila tillögum sínum í febrúar 2009. Störfum hennar var frestað í byrjun október við upphaf bankakreppunnar því ljóst var að mikil vinna væri framundan í ráðuneytunum vegna endurskoðunar fjárhagsáætlana stofnana ríkisins. Þá hafði nefndin haldið þrjá fundi. Nefndin hefur ekki hafið störf að nýju og er ljóst að tillögur munu ekki liggja fyrir í febrúar nk. eins og áformað var.

Í viðhengi er minnisblað, dagsett 16. janúar 2008, um stöðu mála um útbreiðslu og þjónustu á stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi. Upphæðir eru m.v. gengi íslensku krónunnar í janúar sl.

Virðingarfyllst,



Páll Magnússon,
útvarpsstjóri

MINNISBLAÐ - Staða mála um útbreiðslu og þjónustu á stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi.

16. janúar 2008

Í samningi menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins dags. 23. mars 2007, um útvarpsþjónustu í almannabágu, er m.a. fjallað um að Ríkisútvarpið og menntamálaráðuneytið skuli gera með sér samning um útbreiðslu og þjónustu á stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi. Skáletruð atriði eru beinar tilvísanir í umræddan samning.

Hér á eftir er gerð grein fyrir stöðu mála og fyrstu drög að helstu tímasetningum.

– *Hvaða tækni RÚV hyggst nota til að ná til allra landsmanna.*

Gert er ráð fyrir að dreifing byggist að mestu á notkun UHF rása og að sendingar um gervitungl verði notaðar til holufyllinga. Allt frá árinu 2005 hafa stafrænar tilraunaútsendingar á UHF tíðni staðið yfir á höfuðborgarsvæðinu. Fjarskiptasjóður greiðir kostnað við rekstu gervitungls fram til 31. mars 2010 en óljóst er um framhaldið.

– *Hvaða tímaramma RÚV setur sér í útbreiðslu á stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi.*

Nokkur óvissa ríkir um framgang stafræns hljóðvarps erlendis og hvaða tæknilega lausn verður fyrir valinu. Sænska ríkisútvarpið (SR) hefur sem dæmi ákveðið að slá á frest uppbyggingu á DAB kerfi fyrir Svíþjóð. Meðal annars vegna þessa hefur Ríkisútvarpið ákveðið að halda að sér höndum þar til mál skýrast.

Hvað útsendingar stafræns sjónvarps varðar gerir Ríkisútvarpið ráð fyrir að uppbyggingu slíks verði lokið á árinu 2010. Nokkur óvissa ríkir um hvort á þeim tímamarki verði hægt að ná til ystu jaðra dreifikerfisins.

– *Hvernig RÚV hyggst hvetja alla landsmenn til að skipta úr hliðrænni yfir í stafræna tækni áður en slökkt verður á hliðrænum hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum hér á landi.*

Lokun hliðræna hluta dreifikerfisins verður ítarlega kynnt með góðum fyrirvara. Gera má ráð fyrir að dagskrárrásir verði fleiri í stafræna kerfinu sem mun auka áhuga notenda á að flytja sig yfir í nýja dreifikerfið. Auk þess munu í sumum tilfellum mynd- og hljóðgæði batna frá því sem nú er og það mun einnig auka áhugann.

– *Hvort RÚV hyggst byggja upp eigið dreifikerfi, nota dreifikerfi annarra eða efna til samstarfs um dreifingu með öðrum hætti.*

A) Ríkisútvarpið hefur kannað möguleika á að byggja upp sitt eigið dreifikerfi, þ.e. ein flétta með 5-7 dagskrárrásum með hefðbundnum myndgæðum (Standard Definition), sem nær til 99,7% heimila landsins. Stofnkostnaður er nærri 1.000 m.kr. og áætlaður árlegur rekstrarkostnaður með fjárbindingu er um 200 m.kr. Við bætast útsendingar um gervitungl sem ná til landsins alls (að undanskilydum nokkrum skuggasvæðum) og hafsvæðanna kringum landið. Árlegur

rekstrarkostnaður við útsendingar um gervitungl er um 50 m.kr. Hafa ber í huga að um 80 – 100 lögbýli ná ekki útsendingum um gervitungl.

Útsending Ríkisútvarpsins í eigin kerfi yrði opin og móttökubúnaður á hendi og forræði notenda.

- B) Samstarf Ríkisútvarpsins við dreififyrirtæki sem þegar eru starfandi. Í slíku samstarfi deilist stofnkostnaður og árlegur rekstrarkotnaður milli aðila. Ef sú leið er farin þarf Ríkisútvarpið að semja um notkun á einni eða fleiri dagskrárrásum. Í þeim efnum eru mismunandi leiðir nú í skoðun.
- C) Stofnað verði sérstakt fyrirtæki um uppbyggingu og rekstur stafræns dreifikerfis. Fyrirtækið yrði í eigu Ríkisútvarpsins og annarra aðila sem eru á þessum markaði.

Gert er ráð fyrir að niðurstaða liggja fyrir um mat á ofangreindum valkostum á næstu mánuðum.

– *Hvaða þjónusta fyrirhuguð er í grafisku þjónustuviðmóti í stafrænu sjónvarpi.*
Almennar dagskrárupplýsingar með kynningu á hverjum og einum dagskrárlíð.

– *Hvort og þá hvaða gagnvirka þjónustu RÚV hyggst veita í stafrænu sjónvarpi.*
Í fyrstu yrði boðið upp á endurbætta útgáfu á textavarpri en hugmyndir um fulla gagnvirkni eru ekki mótaðar.

– *Hvaða áform RÚV hefur í útsendingum á breiðtjaldi og háskerpu.*

Allt innlent efni fyrir utan fréttir er í dag framleitt fyrir breiðtjaldsútsendingu. Þann 1. apríl 2007 þegar Ríkisútvarpið hóf útsendingar um gervitungl var ákveðið að gera það á breiðtjaldsformi. Þessa dagana er verið að skoða möguleika á að hefja breiðtjaldsútsendingar um dreifikerfi Símans (ADSL) og Vodafone (Digital Ísland). Útsendingar í háskerpu krefjast meiri flutningsgetu kerfisins og miðað við núverandi tækni þarf allt að eina fléttu til að flytja slíka dagskrá. Tæknilegar breytingar á stafrænni þjöppun munu valda því að nýting á hverri fléttu mun aukast til muna þannig að hægt verður að flytja a.m.k. tvær háskerpu dagskrárrásir á sömu fléttu. Til þess að geta betur sinnt kröfum almennings þarf Ríkisútvarpið helst að hafa aðgang að flutningsgetu sem nemur einni fléttu. Hvað varðar framleiðslu eigin efnis í háskerpu kallar það á endurnýjun framleiðslu- og útsendingarbúnaðar Sjónvarpsins. Sú endurnýjun er dýr og mun gerast í áföngum.

Ljóst er á framangreindu að töluverður stofn- og rekstrarkostnaður fylgir mismunandi leiðum. Án atbeina ríkisvaldsins mun Ríkisútvarpið eitt og sér ekki hafa bolmagn til að ráðast í uppbyggingu og rekstur á eigin kerfi.